

Fornleifaskráning í Vestmannaeyjum

**vegna nýs deiliskipulags í landi Brekkuhúss, Draumbæjar,
Norðurgarðs og Ofanleitis vestan Höfðavegar**



Júní 2010

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
SÖGULEGT YFIRLIT	5
SKRÁÐAR FORNLEIFAR	12
Norðurgarður	12
Brekkuhús	18
Draumbær	26
Ofanleiti	42
Utan við ofantaldar jarðir	45
NIÐURSTÖÐUR	46
Norðurgarður	46
Brekkuhús	47
Draumbær	49
Ofanleiti	52
Lokaorð	53
HEIMILDASKRÁ	54
Prentaðar heimildir	54
Heimildarmenn við fornleifaskráningu	54
KORT	55

INNGANGUR

Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum Sigurður Smári Benónýsson óskaði í apríl 2010 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðs deilskipulags í landi Brekkuhúss, Draumbæjar og Norðurgarðs.

Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram á viðkomandi svæði.

Svæðið sem hér er skráð er eins og áður sagði í landi Brekkuhúss, Draumbæjar og Norðurgarðs. Skráningarsvæðið miðast við Höfðaveg í austur, um 150 m í suður frá suðvesturhorni Höfðavegar og Hamarsvegar. Vesturhlið liggur samsíða Höfðavegi í norður með um 150-200 m breidd landsins. Norðurhlið liggur að Hraunvegi og er um 100 m löng að Höfðavegi.

Deiliskipulagsvinna á áðurnefndu svæði verður unnin af Teiknistofu Páls Zophoníasarsonar í Vestmannaeyjum.

Vettvangsvinna fornleifaskráningarinnar var gerð í apríl 2010.

Tölur í sviga eru vinnunúmer á vettvangi og eru samsvarandi númerum á meðfylgjandi myndadiski.

Kortagrunnur vegna vinnu við fornleifaskráninguna er fenginn hjá Byggingarfulltrúanum í Vestmannaeyjum.

Allar teikningar af fommínjunum eru gerðar af undirritaðri, Katrínu Gunnarsdóttur, sem einnig hefur tekið allar ljósmyndir nema nokkrar myndir af fornleifum nr. 100, 107 og 108, sem Egill Egilsson tók að beiðni undirritaðrar, og er þess þá getið.

Myndadiskur fylgir hér með og myndirnar á honum eru númeraðar með sömu númerum og eru í sviga við hverja fornleif. Loftmynd af svæðinu fylgir einnig, og eru fornleifar merktar inn á hana með því númeri eins og þær eru merktar í Fornleifaskránni frá 100-136.

Ingibjörgu Jónsdóttur í Þorlaugargerði og Hildari Jóhanni Pálssyni, Hraunbúðum, eru færðar þakkir fyrir veitta aðstoð í sambandi við fornleifaskráninguna.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að menningararfi liðinna kynslóða verði skilað óspilltum til framtíðar, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafuir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...]. Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en nauðsynlegt reynist að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er hvorki æskilegur þeim né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjml.107/2001).

SÖGULEGT YFIRLIT

Sögulegar heimildir

Í Landnámabók segir að írskir þrælar Hjörleifs Hróðmarssonar úr Dalsfirði í Noregi, fóstbróður Ingólfs Arnarssonar, hafi fyrstir sest að í Heimaey og Vestmannaeyjar kenndar við þá. Nafngreindir voru þeir: Dufþakur, Geirröður, Skjaldbjörn, Halldór, Drafdritur og fleiri, alls tíu og bjuggust þeir fyrir í eyjunni um hríð, eða þar til Ingólfur kom og hefndi Hjörleifs fóstbróður síns sem þeir höfðu drepð.¹ Ýmis örnefni í eyjunni eru enn við þá kennd svo sem Dufþekja og Halldórssandur. Sá landnámsmaður sem byggði fyrst Vestmannaeyjar er sagður Herjólfur Bárðarson, sem bjó í Herjólfssdal, fyrir innan Ægisdyr.² Ormur sonur hans bjó á Ormsstöðum við Hamar niðri og Vilborg dóttir hans á Vilborgarstöðum.

Leifar fornra bæja og tveggja gamalla búða í Herjólfssdal eru friðlýstar, sem og hinn gamli umbúnaður lindarinnar þar og kofaleifar um 400 skref sunnan við tóftir bæjarins.³ Margrét Hermanns-Auðardóttir rannsakaði minjarnar á 8. og 9. áratug 20. aldar og gerði að efni doktorsritgerðar sinnar. Hún telur að Vestmannaeyjar hafi verið byggðar miklu fyrr en Landnáma greinir frá,⁴ eða á 7. öld. Aðrir fræðimenn draga það mjög í efa, sbr. grein Sveinbjörns Rafnssonar í Árbók fornleifafélagsins 1990.⁵ Ekki verður lagt mat á þetta hér og vísað til úttektar dr. Bjarna Einarssonar á fornleifum í Herjólfssdal.⁶

Vestmannaeyjar voru bændaeign fram á 12. öld, en þá keypti Magnús Einarsson (d.1148)

Skálholtsbiskup eyjarnar og ætlaði að setja þar á fót munkaklaustur.⁷

Eyjarnar voru í eigu Skálholtsstóls fram á 15. öld er þær komust flestar í hendur konungs. Ekki er vitað hvernig það gerðist en kenning er um að Eiríkur af Pommern hafi tekið þær upp í skuld. Eiginlega má segja að töluverð norsk áhrif hafi verið í Eyjum fyrstu aldir byggðar. Í Kristnisögu segir frá því að Ólafur Tryggvason konungur sendi þá Leif Eiríksson, Gissur hvíta og Hjalt Skeggjason til Grænlands og Íslands að boða landsmönnum kristna trú. Hafði konungur látið höggva kirkjuvið og sagt Hjalt og Gissuri að þeir ættu að reisa kirkju þar sem þeir tækju fyrst land. Ekki er vitað hvort hann hafi haft slík ummæli við Leif eða fengið honum timbur í Þjóðhildarkirkju er fyrst reis á Grænlandi, en Gissur og Hjalti skutu bryggjum í land á Hörgaeyri í Heimaey og reistu kirkju þar, norðan megin vogsins, þar sem áður voru blót og hörgar.⁸ Staðsetning kirkjunnar er óviss, en neðan við Löngu stóð Clemensarkirkja, sem getið er í máldögum.⁹ Kirkja trúboðanna gæti hafa staðið á sama stað og hún stóð.

Á 13. öld voru norskir kaupmenn frá Björgvin á ferð í Vestmannaeyjum og seinni hluta þeirrar aldar guldu sóknarbörn Kirkjubæjarkirkju tíund til Björgvinjarklausturs. Eyjarnar voru á yfirráðasvæði Oddaverja fyrri hluta 13. aldar og heimtaði Sæmundur Jónsson í Odda að Björgvinjakaupmenn, sem staddir voru í Heimaey á Grænlandsfari með viðarfarm, greiddu miklar fjárhæðir fyrir Pál son hans, sem hafði verið drepinn í Noregi. Árið 1268 varð Árni Þorláksson biskup í Skálholti, en hann var lærður í Björgvin. Árið síðar reistu Vestmannaeyingar kirkju á Kirkjubæ. Þá virðast hafa verið starfræktar 3 kirkjur í Eyjum um hríð, Clemensarkirkja, Nikulásar-kirkja í Kirkjubæ og Péturskirkja fyrir ofan leiti.¹⁰ Allar voru þær grafrarkirkjur og má þar því búast við mannabeinum við jarðrask. Árið 1298 gaf Árni biskup allar klerkatúndir í Kirkjubæjarsókn til klausturs í Björgvin og sagði Eggert Ólafsson

¹ Íslendinga sögur, I 946, Bls. 28-32.

² Íslendinga sögur, 1946. Bls. 205-207.

³ Ágúst Ó, Georgsson, 1990. Bls. 15.

⁴ Margrét Hermanns-Auðardóttir, 1989, Bls. 53-54

⁵ Sveinbjörn Rafnsson, 1990, Bls. 153-162,

⁶ Bjarni Einarsson, 1999. Bls. 1-8 og skrár 1-9.

⁷ Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948, Bls. 13,

⁸ Íslendinga sögur, 1946. Bls. 268.

⁹ DI II 1253-1350, 1893, Bls. 66.

¹⁰ DI II 1253-1350, 1893. Bls. 66, DI Vil 1170-1505, 1903-1907. Bls. 41-43

að á 18. öld væri enn væri tíundað samkvæmt norskum hætti í Heimaey.¹¹ Ekki er vitað hvenær Clemenskirkan var lögð niður, en kirkjurnar í Kirkjubæ og Ofanleiti voru lagðar niður 1573 og byggð ein kirkja fyrir báðar á Fornu-Löndum, sem kölluð var Landakirkja. Þá kirkju brenndu arabískir sjóræningjar (kallaðir Tyrkir) árið 1627 og var kirkjan endræist 1631 þar sem nú er kirkjugarður Landakirkju. Árið 1837 voru kirkjusóknirnar sameinaðar í Vestmannaeyjaprestakall. Gamli kirkjugarðurinn á Ofanleiti var friðlýstur þar til árið 1970, er friðlýsingin var felld niður og garðurinn lagður undir flugvöll.¹²

Áður en Vestmannaeyjar féllu undir konung á 16. öld, guldu eyjamenn gjöld sín til kirknanna og eins og fram hefur komið fór hluti þeirra til klausturs í Björgvín. Býlin Ofanleiti og Höfn guldu hæsta tíund á tímabilinu 1450-1507¹³ en næst þeim komu Vilborgarstaðir, Bófastaður (Búastaðir, Bílastaðir-Býlastaðir), Odd(a)staðir og Kirkjubær. Á því tímabili voru öll gjöld innheimt í fiskum eða lýsi og Eyjamenn áttu sjálfir, á eigin kostnað, að koma tíundinni til verslunarstaðar á landi, og láta í té umboðsmanni konungs. Skattheimtumenn konungs bjuggu innan varnargerðis sem kallað var Skansinn, en leifar hans og gömul mannvirki við hann eru nú friðlýst. Vestmannaeyjar tilheyrðu Rangárvallasýslu stjórnarsýslulega til 1609, en þá urðu eyjarnar sjálfstæð sýsla. Verslunarfélagið sendi eitt til tvö skip þangað árlega. Í byrjun 18. aldar voru 23 bæir á Heimaey, en 52 bændur eða fjölskyldur. Allmargt manna kom til sjóróðra, sem stundaðar voru allt árið. Verslunarfélagið sem leigði verslun, hús og höfn af kóngi hafði nokkra „kóngsbáta“ og sá „eftirlegumaður“ félagsins um að manna þá og reka.¹⁵ Þessi svokallaði eftirlegumaður var umboðsmaður verslunarfélagsins og sá einnig um verslunina og innheimti gjöld af leiguliðum konungs.

Vestmannaeyjar fengu kaupstaðaréttindi 1. janúar 1787, en misstu þau réttindi 1807 og voru útleggjarastaður eða kaптún til ársins 1918. Heimaey var fremur þéttbýl og byggðin þéttist mest við höfnina í kring um verslunarstaðina. Árið 1900 voru íbúðarhúsin orðin 35, en þeim fjölgaði ört, og árið 1920 voru þau 270.¹⁶ Um aldamótin 1900 mátti skipta Heimaeyjarbyggðinni í svæði,¹⁷ en allt breyttist eftir eldgos í Eldfelli 1973.

Þegar skoðuð eru örnefni, sögustaðir og fornleifar í Vestmannaeyjum er augljóst að búskapurinn setti mark sitt á búsetulandslag eyjanna og ýmislegt er öðru vísi þar en t.d. á fastalandinu. Dæmi um það er kúa- og sauðfjárbúskapurinn og margvísleg merki um fuglanyttjar. Gjöful fiskimið og fuglabjörg hafa löngum dregið fólk til eyjanna og fyrr á öldum bjó þar ótrúlegur fjöldi fólks miðað við jarðnæði. Áður en Herjólfur nam þar land „var þar veiðistöð ok engra manna veturseta“,¹⁸ segir í Landnámabók og vísar til þess að í upphafi byggðar hafa menn áttað sig á ríkulegum hlunnindum eyjanna. Langflestir minjastaðirnir sem hér eru skráðir tengjast þeim. Atvinnuhættir eyjanna settu og mark sitt á landslag eyjanna, en einnig býður landið sjálft upp á afnot sem fólk nýtti sér. Dæmi um það eru gömlu fiskibyrgin sunnan í Hánni, sem eru friðlýst.¹⁹ Almenn má segja að fyrr á öldum hafi fugla- og fiskveiði haldið lífi í ábúendum eyjanna fremur en búskapur á landi. Þó var þar talsvert af sauðfé, nautgripum og hænsnum, en lítið afhrossum. Séra Gissur Pétursson prestur í Ofanleiti 1687- 1713 sagði að flestir hefðu þá ekki fleiri en tvær kýr og margir eina, svo að „allir verða að tilkaupa smjör, vaðmál, skæðaskinn og sýru frá meginlandinu“.²⁰ Víða eru örnefni og minjar

¹¹ Eggert Ólafsson, 1975. Bls. 154.

¹² Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.

¹³ DI VI 1170-1505, 1903-1907. Bls. 179-180.

¹⁴ Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.

¹⁵ Eggert Ólafsson, 1975. Bls. 155.

¹⁶ Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. Bls. 18.

¹⁷ Jóh. Gunnar Ólafsson, 1948. Bls. 69-70.

¹⁸ Íslendinga sögur, 1946. Bls. 206-207.

¹⁹ Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Bls. 15.

²⁰ Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 99.

sem vísa til sauðafjárbúskapar eyjarskeggja. Í umfjöllun um býlin er gerð grein fyrir skiptingu eyjanna og nytjum.

Hvert haust um veturnætur var sauðfé smalað til skilarétta í úteyjunum er fjáreigendur áttu að tilkynna hreppstjóranum hve margt fé hann hafði í hagabeit. Menn höfðu ákveðna ítölu fjár og varð að farga því ef ekki var hægt að koma því fyrir í annarra högum. Sama regla gildi á öllum eyjunum. Sauðfé gekk að mestu sjálfala sumar sem vetur, engin fjárhús voru né kvíar eða stekkír, en fjárborgir voru notaðar til að skjóls í hretviðrum. Annars voru notaðir þeir fjölmörgu skútar og hellar sem víða eru um eyjarnar. Yfir sumartímenn var allt fé flutt til grasbeitar í úteyjunum. Talið var að eyjarnar bæru 1400 fjár.²¹ Jarðrækt var ekki mikil, en flest býlin sem höfðu kýr hlóðu garða umhverfis heimatúnið og kartöflugarðinn. Þeir eru flestir burtu máðir nú. Eldsneyti var eitt mesta vandamál eyjaskeggja og var bjargast við þurrkaða kúamykju, hrossatað, lambaspörð, fugla- og fiskbein og annan úrgang og kol á seinni tímum ef hagur leyfði.²² Vegna takmarkaðra grasnytja og eldiviðarskorts voru kýr á bæjunum fyrir ofan Hraun yfirleitt hafðar inni mest allt árið, beit var af skornum skammti og það þurfti ekki að spyrja hvers mykjan var eða hvar efkýrnar voru inni.²³ Ær virðast ekki hafa verið

mjólkaðar í kvíum, enda segir séra Jón Austmann í Eyjum að á árunum 1827-1858 hafi það ekki svarað kostnaði og ekkert hey til að gefa þeim yfir veturinn. Allt hey fór í kýrnar. Tómtúsin sem víða voru nutu engra jarðarntja, þótt öll hefðu leyfi til að hafa matjurtagarð. Tómtúsmenn máttu yfirleitt skera torf eftir þörfum og áttu að greiða 60 fiska í lóðarleigu.

Þeir sem bjuggu í timburhjölum og áttu ekki rétt til torfskurðar guldu 32 fiska í leigu. Á árunum 1840-1860 voru 12 tómtús í Heimaey.²⁴

Uppdráttur Sæmundar Hólm af Heimaey frá 1776²⁵ sýnir helstu kennileiti og býli í eyjunni. Þótt teikningin sýni ekki raunverulegt útliti eyjarinnar má fá nokkuð glögga mynd af staðhátum, afstöðu milli bæja, túngörðum, tómtúsum, fjöllum og hæðum.

- 1 Heimaklettur
- 2 Miðklettur
- 3 Ystiklettur
- 4 Klifið
- 5 Sker(s)in
- 6 Dalfjall
- 7 Skiphellar
- 8 Fiskhellar
- 9 Herjólfssdalur
- 10 Helgafell
- 11 Sæfjall
- 12 Litlihöfði
- 13 Brimurð
- 14 Ræningjatangi
- 15 Garðsendavík
- 16 Víkin (lending)
- 17 Stórihöfði
- 18 Ofanleitishamar
- 19 Há
- 20 Klettsnef
- 21 Klettshellir
- 22 Klettsvík
- 23 Klemenseyri

²¹ Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 35.

²² Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 51-53.

Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 148,153.

²³ Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 147.

²⁴ Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 34.

²⁵ Uppdrátturinn er birtur í Árbók Ferðafélags Íslands árið 1948, bls. 71.

- 24 Hafnareyri
- 25 Langa
- 26 Þrælaeiði
- 27 Klifhál
- 28 Botninn
- 29 Skildingafjara
- 30 Básar
- 31 Skipauppsátrið
- 32 Kaplagjóta
- 33 Prestasteinn
- 34 Kópavík
- 35 Gunnarsurð
- 36 Fiskigarðar
- 37 Rauðihamar (þar í er mikill hellir)

- A Landakirkja
- B Skansinn
- C Miðhús
- D Gjábakki
- E Vilborgarstaðir
- F Kirkjubær
- G Oddsstaðir
- H Ólafshús, Nýibær, Vesturhús
- I Gerði
- K Dalir
- L Ofanleiti
- M Þorlaugargerði
- N Steinsstaðir
- O Norðurgarður
- P Stakkagerði
- R Húsmannshús og hjallar

Örnefni og minjar víða um eyjarnar minna á aðferðir og aðstöðu við eggjatöku, fugla- og fiskveiðarnar og þótt hér sé margt nefnt er líka margt ónefnt í þeim efnum. Helsta höfnin var við Skipasand, Stokka- og Nýjabæjarhellu, en „Ofanbyggjarar“ voru með veiðistöðu með smábáta í víkinni norðan við Stórhöfða. Fiskimið eru allt í kring og stutt að fara. Tekin voru mið í land og eru nokkur hér upp talin, en ítarlegri upplýsingar er að fá í upptalningu séra Gissurar Péturssonar frá aldamótum 1700 eða þar um bil²⁶ og Brynjólfs Jónssonar í sóknarlýsingum sem út komu 1918.²⁷ Búast má við að ýmsar upplýsingar bætist við og er nauðsynlegt að halda þeim til haga.

Önnur hlunnindi en veiðar og grasnyt voru fremur fátækleg. Umboðsmaður konungs hirti allan reka og útbýtti, að frátöldum reka í Klettsvík sem sýslumaður átti, en menn máttu taka tré sem þeir fundu upp að 3 álna stærð. Söl, fjörugrös og krækiber máttu menn hirða hvar sem var. Hvannatekja var í Heimakletti fyrir þá sem máttu nýta hana þar. Margrét Hallsdóttir jarðfræðingur segir að frjógreiningar á jarðvegssniðum í Torfmýri bendi ekki til mikillar jarðræktar í Heimaey, en tekur fram að jarðvegssýnin gefi ekki glögga mynd af jurtaflóru eyjarinnar. Hún telur ástæðu til að ætla að hvarmatekja hafi verið mjög góð fyrstu aldir byggðar, en hvannastóðið hafi hopað eftir því sem nýtjar jukust. Gróður í Heimaey er fremur fáskrúðugur, en sá gróður sem þar vex hefur alltaf verið óvenju gróðurríkur miðað við mjög mikla beit. Safaríkan gróðurinn mátti rekja til bjargfuglsins, því það var sá eini áburður sem

²⁶ Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 158-160.

²⁷ Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 36-45.

gróðurinn fékk, því þrátt fyrir mikla beit var honum ekki skilað því sem skepnur skildu eftir sig, þar sem allt tað var nýtt til eldiviðar.²⁸

Örnefnið Torfmýri vísar til þess að þar hafi verið hægt að taka torf. Torftaka var mikil fram á 19. öld, enda voru öll hús tyrfð. Áður var talin mótekja í mýrinni, en hún var löngu uppurin er Gizur Pétursson var prestur að Ofanleiti 1687-1713. Hann sagði að mýrin og allt annað gróðurlendi á eyjunni hafi þá verið ofbeitt vegna fjölda búfjár. Þá voru í eyjunni 80 kýr og 50 hestar auk alls sauðfjár. Hann talaði um mikinn torfskurð í mýrinni, en ekkert um móteku²⁹ enda var Árna Magnússyni og Páli Vídalín sagt 1704 að ekkert eldiviðartak væri á eyjunni, hvorki hrís né mór. Af skrifum séra Jóns Austmanns³⁰ um miðja 19. öld má ráða að torfskurðurinn hefur verið bágborinn og sennilega ekki endilega bundinn við Torfmýrina, því hann segir að menn séu að rista kringlutorfþar sem það næst til mikils skaða fyrir beitolandið. Kringlutorf var tekið af þéttvöxnu rótargóðu valllendi. Allt gróðurlendi Heimaeyjar var mjög viðkvæmt vegna ofbeitar og hefur torftakan sett mikinn svip á eyjuna og valdið skaða. Þetta breyttist allt er menn fóru að byggja ótyrfð tímurbús og hlöður fyrir hey í stað þess að rista heyturf og leggja yfir heyin. Sagði Jón torfeklu svo mikla að sumir fengju torf ofan af fastalandinu, en það væri þó sjaldgæft.

Annað sýsl íbúanna var af ýmsu tagi og má þar telja daglaunavinnu á verslunarstaðnum þegar kaupmenn kölluðu og stöku smiðir stunduðu skipa- og húsbyggingar. Til nánari upplýsinga má benda á skrif tveggja Vestmannaeyjapresta, séra Gissur Pétursson 1687-1713 og séra Jón Austmann 1827-1858 um líf og landshag í Eyjum í bók Þorkels Jóhannessonar um Örnefni í Vestmannaeyjum, sem kom út 1938.

Alfaravegir um Heimaey voru tveir, báðir frá kaupþúninu, suður úr og austur úr. Var suðurleiðin kölluð þjóðvegur og var borin í hann mold og mól árlega. Lítið er eftir af þessum vegslóðum í dag þótt greina megja á leiðinn „upp fyrir hraun“.


²⁸ Margrét Hallsdóttir, 1984. Bls. 59.

²⁹ Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 105.

³⁰ Þorkell Jóhannesson, 1938. Bls. 153.

Náttúrufar og jarðabætur

Heimaey er suður undan Langeyjarsandi í Rangárvallasýslu. Hún er langstærst og eina eyjan sem var/er byggð. Heimaklettur (283 m) er landfastur við hana að norðan og Miðklettur og Ystiklettur (209 m) fastir hver við annan í framhaldi af honum. Heitir Eiðið, sá hluti lands er tengir Heimaklett og Klifið á Heimaey. Önnur helstu kennileiti á Heimaey eru Dalfjall sem skýlir Herjólfsdal í vestnorðvestri.



Þar er Blátindur hæstur (273). Há heitir fellið norðvestan við kaupstaðinn. Austan og sunnan eru Eldfell og Helgafell (226 m) sunnar, bæði virk eldfjöll. Sunnan við núverandi flugvöll ber Háubúr (188 m) við himinn og syðst á eyjunni trónar Stórhöfði (122 m). Í landnorður frá honum er Dalfjallshryggur. Dalir eru helstir Herjólfsdalur, Djúpidalur og Lyngfellsdalur. Eldhraun setja mikinn svip sinn á allt landslag í eyjunni og þar eru fjöldi hella og miklir hamrar. Örugg höfn er ein. Jarðvegur er ekki mikill, en vísbending er um að hann hafi verið meiri. Stöðuvötn eru engin, en uppsprettur nokkrar.³¹ Kortið er Herforingjaráðskort birt aftan við lýsingu Vestmannaeyjasóknar eftir Brynjólf Jónsson, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1918.

³¹ Brynjólfur Jónsson, 1918. Bls. 15-19.

Skrá yfir matjurtagarða Vestmannaeyinga og „önnur sáðlönd" frá 1791 - 1963, fjölda þeirra og heildarstærð, eins og þennan fróðleik, er að finna í opinberum heimildum. Frá 1791, að byrjað var að skrá tölu kálgarða í Vestmannaeyjum, til ársins 1810 eru það næstum einvörðungu danskir kaupmenn eða verslunarstjórar þeirra, sem rækta gulrófur, næpur og fl. skyldar matjurtir við hús sín eða íbúðir. Stærð þeirra garða er hvergi skráð.

Smásaman læra Eyjamenn að skilja gildi þess að rækta rófur, næpur o.fl. matjurtir við hús sín. Þá fjölga görðunum, en ekki þykir taka því að skrá flatarmál þeirra. Árið 1811 eru matjurtagarðar skráðir 11 og 1852 eru þeir orðnir 74.

Nú tekur garðrækt Eyjamanna vaxtarkipp, því að Mad. Ericson, hin danska frú í Frydendal, hefur hafið kartöflurækt í Eyjum. Hún fær brátt byr. Þá er tekið að mæla flatarmál matjurtagarðanna. Síðan er hætt að telja þá árið 1877. Árið 1853 eru þeir 87 en árið 1876 eru þeir 127.³²

³² Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rek.inn er af Vestmannaeyjabæ.

SKRÁÐAR FORNLEIFAR

Norðurgarður

Saga

Jarðabók í byrjun 18. aldar: Á Norðurgarði voru tveir sambyggðir bæir, sem fengu 4 kýrfóður samtals hjá landeiganda (Danakonungi). Ábúendur áttu að viðhalda húsum eins og aðrir leiguliðar og greiða landsskuldina í lýsi og fiski. Norðurgarður átti 26 sauða beit í Elliðaey (Ellerey, sem tók samtals 200 sauði). Jarðahjallamir voru tveir, annar á Skipasandi og hinn á Brimhólum. Ábúendur voru Bjarni Jónsson, hjá honum voru 5 heimilismenn og Marcus Ólafsson sem hafði 7 heimilismenn. Jarðatal 1847: Norðurgarður segir landskuld vera 2.0, og ábúendur 2 leiguleiðar, og í skýringum segir: Hér segja jarðabækur 4 kýrfóður, og 1806, að útigangur sé í Hellisey. Samkvæmt Jarðatalinu er jarðanúmer Norðurgarðs 19.

Þessu til viðbótar segir Friðfinnur Finnsson í grein sem er birt í Blik 1962:

Á fyrstu árum tuttugustu aldar - hugsun, störf og strit.

HUGLEIÐINGAR OG LÍFSREYNSLA. BLIK 1962/OFANBYGGJARAR. Þegar á haustið leið, var lítið um alla aðdrætti. Menn dyttuðu að heimilum sínum, bjuggu í haginn fyrir sig svo sem með því að stækka kálgarða sína, gera nýja, fjarlægja nokkrar þúfur í túni sínu eða stækka það. Allt var þetta seinvirkt með þeim tækjum, sem þá voru tiltækileg og notuð, rekan og ristuspaðinn. Tún og garðar stækkuðu samt, þótt hægt færi, bústofn óx að sama skapi og menn undu furðu glaðir við sitt, enda ekki um annað að ræða, engin önnur úrræði.

Heimild: Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.

100

(35)



Horft að bæjarhólnum til austurs. Mynd: Egill Egilsson.

Sérheiti: Norðurgarður.

Hlutverk. Bústaður.

Tegund: Hús byggt 2003.

Staðsetning: N: 63°25.730 V: 20°17.281

Staðhættir: Bæjarstæðið er frá horni Hraunvegur og Höfðavegur um 150 m eftir Höfðavegi, og eftir heimkeyslu að húsinu er um 25 m. '

Lýsing: Heimaslóð: Húsið Norðurgarður eystri stóð utan byggðar fyrir ofan hraun. Það hús var rífið á síðasta áratug 20. aldar. Valgeir Arnórsson reisti nýtt hús árið 2003 á svipuðum stað og Norðurgarður eystri og Norðurgarður vestri stóðu og nefndi það Norðurgarð. Húsið Norðurgarður vestri stóð utan byggðar, fyrir ofan hraun og var rífið árið 1992.

Aðrar upplýsingar: Lýsing Vestmannaeyja: Nöfnin Norðurgarður eystri og Norðurgarður vestri, eru enn til í Vestmannaeyjum. Norðurgarður var í vestur frá Dölum, með nokkru millibili.

Heimild: Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók. Fyrsta bindi bls.16-17.

Kaupmannahöfn 1913-1917.

Brynjólfr Jónsson, 1918. Lýsing Vestmannaeyja sóknar. Bls. 33.

Kaupmannahöfn.

Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ

J.Johnsen 1847. Jarðatal á Islandi. bls. 21. Kaupmannahöfn 1847.

101

(20)



Horft í austur að garðinum sem er í suður-norður. Mynd KG.

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.710 V: 20°17.320

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Nokkur hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar, jarðrask.

Staðhættir: Garðlagið er í um 20 m í suður frá húsinu Norðurgarði, og er hlaðið inn í lága hæð í landinu og er vel afmarkað.

Lýsing: Garðlagið er hlaðið inn í lága hæð í landinu. Gaðlagið er L-laga þar sem styttri arniurinn er um 8 m í austur-vestur og lengri armurinn er um 2.0 mínorðursuður. Hleðsluhæð er um 0. 70 m. Grasivaxið er ofan á hleðslu garðsins.

Aðrar upplýsingar: Matjurtagarðurinn sem er hefur verið afmarkaður með þessari hleðslu hefur fremur óljós ytri mörk, þau virðast renna saman við landið.



Horft í austur að hleðsluveggnum.

- Hlutverk:** Hleðsluveggur.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.724 V: 20°17.297
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar, jarðrask.
Staðhættir: Um 5 m út frá norðausturhorni Norðurgarðs til suðurs.
Lýsing: Veggurinn er hlaðinn inn í bæjarhólinn. Hleðsluhæð er um 1.20 m. Lengd hleðsluveggsins er um 7-8 m.



Horft í norður eflir garðinum.

- Hlutverk:** Túngarður
Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 63°25.748 V: 20°17.344
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nýbyggingar, jarðrask
Staðhættir: Garðlagið liggur um 7 m frá suðausturhorni spennistöðvar, sem er vestan við húsið Norðurgarð. Það liggur síðan til suðvesturs og sameinast túngarði sem liggur norður-suður.
Lýsing: Gaðlagið er einhlaðið og um 15 m langt. Hleðsluhæð um 0.30 eða lægra þar sem steinar eru mjög signir, og má ætla að steinar hafi verið teknir úr garðhleðslunni til að nota í aðrar hleðslur.

104

(33)



Horft í vestur yfir garðinn.



Horft yfir austurhluta þar sem hann sameinast matjurtagarðum.

Sérheiti:
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 63°25.755 V: 20°17.332
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Nýbyggingar, jarðrask
Staðhættir: Túngarðurinn liggur austur-vestur um 20-25 m í norður frá Norðurgarði, og sameinast þar görðum sem eru kringum matjurtagarða.
Lýsing: Garðurinn er um 60-70 m langur. Hleðsluhæð um 0.50 m, ekki alveg samfelldur, eitthvað hefur hrunið úr hleðslum, en er vel afmarkaður.
Aðrar upplýsingar: Gps hnit: Vesturendi: N: 63°25.755 -V: 20°17.332
Miðja: N: 63°25.756 -V: 20°17.284
Suðausturendi: N: 63°25.756 -V: 20°17.241



Horft í vestur yfir garðana.

- Hlutverk:** Matjurtagarður.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N:63°25.776 V: 20°17.188
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nybyggingar, jarðrask.
Staðhættir: Matjurtagarðarnir liggja norður af húsinu Norðugarði út að Hraunvegi í norður og Höfðavegi í austur, og götuslóða í vestur, sem liggur inn að og innan um smá hæðir í landinu.
Lýsing: Kringum garðana eru garðar hlaðnir úr hraungrjóti, grasivaxið er að görðum og þeir grasivaxnir þar sem grasið hefur náð að festa sig. Hleðsluhæð er allt að 1 m eða lægri.



Horfi í vestur eflir garðinum.

Hlutverk: Landamerkjagarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.667 V: 20°17.319

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Túngarðurinn liggur um 110 í m frá heimkeyrslunni að Norðurgarði, eftir Höfðavegi í suður.

Lýsing: Túngarðurinn liggur í vestur, er um 85 m langur og sameinast görðum sem liggja þar norður-suður, neðan við lóðirnar frá nýbyggðu húsi við Draumbæ og að Norðurgarði. Garðurinn er allt að 0.40 má hæð eða lægri, nokkuð útflattur og grasivaxinn. Norðan við garðinn er nýleg stauragirðing sem liggur austurvestur.

Aðrar upplýsingar: Ætla má að túngarðurinn liggi á milli Norðurgarðs og Ofanleitistúns sem var neðan vegar frá Ofanleiti.

Brekkuhús.

Jarðabók: Brekkuhús var ein af Ofanleitisjörðunum. Brekkuhús er lítið eitt í útsuður frá Draumbæ. Hjáleiga frá Ofanleiti, einbýli sem bar 2 kýrfóður og skyldi leigjandi greiða leigu í fiski og lýsi, sem og sjá um viðhald húsa. Á móti kom 12 og hálfs sauða beit í Bjarnarey og fyrir einn sauð í Hana. Heimilismenn 4. Fiskigarð fékk ábúandi hjá Ofanleitisbændum en engan hjall, og notaðist ábúandi við eigin hjall árið 1704, sem hann hafði byggt með leyfi umboðsmanns. Fyrr höfðu ábúendur í Brekkuhúsum haft hjall nálægt „kastalanum“.

Jarðatal 1847: Samkvæmtjarðatalinu er Brekkuhús nr. 17. Dýrleiki engin, landskuld 1.15, ábúendur einn leigulið, í skýringum segir að kýrfóður séu tvö og er útigangur í Álfsey talinn hér með 1806.

Þá eru viðbætur við Ofanleiti sem er nr. 18 í jarðatalinu: Hér telur A.M. 3 aðslikin býli, 12 kýrfóður, en 16 með Gvendarhúsi og Brekkuhúsum, sem hann telur leigubýli frá Ofanleiti, þó þau standi eigi í túninu. Þar segir og að prestur hafi 8 kýrfóður leigulaust. 1760 eru hér talin 4 kýrfóður (á leigubýlunum).

1806 fylgi Bjarnarey og eyjarnar "Hani" og "Hæna". Sýslumaður segir að presturinn hafi auk jarðar þessarar, 4 jarðir til brúknar afgangslaut.

107

(37)



*Horft í norðaustur að Brekkuhúsi, bæjarhóllinn til hægri.
Mynd: Egill Egilsson.*

- Sérheiti:** Brekkuhús.
Hlutverk: Bæjarhóll.
Tegund: Steinsteyppt hús byggt 1999.
Staðsetning: N: 63°25.593 V: 20°17.525
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Lýsing: Á bæjarhólnum stendur nú steinsteyppt íbúðarhús sem byggt var 1999. Áður hafði eldri bygging sem stóð á bæjarhólnum verið hreinsuð í burtu.
Aðrar upplýsingar: Húsið Ofanleiti stendur utan byggðar fyrir ofanhraun. Þar var fyrrum prestsbústaður Ofanleitissóknar. Hét það áður Kirkjubær fyrir ofan Leiti og stundum kallað á Bæ. Talsverður búskapur var stundaður að Ofanleiti enda jörðin ein hin stærsta í Eyjum, með mikil hlunnindi í fugli, eggjatöku og reka;

og áður fyrr nokkrar hjáleigur er tilheyrðu henni: Gvendarhús, Brekkuhús, Svaðkot, Steinsstaðir og Draumbær.

Heimild: Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. Jarðabók. Vestmannaeyjar, bls. 14. Kaupmannahöfn.
Brynjólfur Jónsson, 1918. Lýsing Vestmannaeyjasóknar bls. 33. Kaupmannahöfn.
J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi bls. 21. Kaupmannahöfn 1847.
Þorkell Jóhannesson, 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum bls. 25. Reykjavík.
Byggingarár íbúðarhúss í landi Brekkuhúss. Fasteignaskrá ríkisins. Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.

108

(25)



Horft til norðausturs að húsinu byggt 1912. Mynd Egill Egilsson.

Sérheiti: Brekkuhús 1912.
Hlutverk: Íbúðarhús.
Tegund: Íbúðarhús.
Staðsetning: N: 63°25.598 V: 20°17.515
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 20 m austur af íbúðarhúsi Brekkuhús sem byggt var 1999.
Lýsing: Einlyft klætt timburhús á hlöðnum kjallara sem hefur verið forskalað.
Aðrar upplýsingar: Í lögum um húsafriðun 6. gr. segir:
Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Húsafriðunarnefnd skal innan fjögurra vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar. Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, leiti eftir áliti Húsafriðunarnefndar og minjavarða áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Heimild: Byggingarár íbúðarhúss í landi Brekkuhúss. Fasteignaskrá ríkisins.

Lög um húsafriðun: Þingskjal 1492, 126. löggjafarþing 225. mál: húsafriðun (heildarlög).

Lög nr. 104 31. maí 2001.

109

(25)




Horft í austur að brunninum.

- Sérheiti:** Brunnur.
- Hlutverk:** Brunnur.
- Tegund:** Hlaðinn, steiptur.
- Staðsetning:** N: 63°25.597 V: 20°17.512
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Nýbyggingar.
- Staðhættir:** Um 2 m í suður frá einlyftu íbúðarhúsi sem byggt var 1912. Meðfram suðurhlið hússins liggur óregluleg steinlögn, stétt, að brunninum.
- Lýsing:** Brunnurinn er niðurgraffinn, um 0.25-0.30m. Grasivaxin brún liggur upp að honum, en á milli sést í hliðar brunnsins. Platan ofan á er um 2x2 m² að stærð, en brunnopið er lokað með timbri og steinum ofan á.
- Aðrar upplýsingar:** Þar sem brunnar voru við hvert hús í Vestmannaeyjum og rigningarvatn notað sem neysluvatn, má ætla að brunnurinn hafi verið byggður samhliða húsinu.
Heimalsóð: Vatnsöflun var alltaf mikið vandamál. og vatnsbólin á Heimaey dugðu engan veginn til að leysa vatnsþörfina. Þá var einnig vandi að varðveita neysluvatnið. Regnvatni var safnað eftir föngum, bæði afþökum og með segldúkum. Upp úr aldamótum 1900 hófu menn að setja brunna við hús sín og var settur vatnsbrunnur í Fryðendal einna fyrst húsa. Eftir 1925 var gert að skyldu að byggja vatnsbrunna við hús.
- Heimild:** Heimaslóð er sögu-, menningar- og néittúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.



Horft í suðaustur að tóftinni. Inngangur til hægri.



Teikning af tóftinni. Teikn. KG.

- Sérheiti:** Tóft.
- Hlutverk:** Fjárhús.
- Tegund:** Tóft.
- Staðsetning:** N:63°25.523 V: 20°77.521
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Nýbyggingar/ábúð.
- Staðhættir:** Um 30 m í suðaustur af Brékkuhúsi sem var byggt 1999 og sunnan við heimreiðina. Tóftin er hlaðin í hæðardrag í landinu, sem er í nokkrum halla.
- Lýsing:** Tóftin er upphlaðin og grasivaxin að utanverðu. Veggir standa vel og hleðslur eru vel sýnilegar inni í tóftinni. Inngangur er vel afmarkaður. Veggjahæð á móti inngangi er um 1.70 m, en ytri brún veggjana rennur saman við landið í kring, og kantur í kringum tóftina er um 0.50 má hæð. Við inngang er veggjahæðin um 1.50 m og afmarkar tóftina í landinu.




Horft í austur eftir garðinum.

- Hlutverk:** Túngarður.
- Tegund:** Garðlag.
- Staðsetning:** N:63°25.572 V: 20°17.614
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Nýbyggingar.
- Staðhættir:** Garðlagið liggur frá íbúðarhúsinu Brekkuhúsi í neðri hluta túnsins að landi Draumbæjar. Nýleg stauragirðing liggur að garðlaginu að sunnan, án þess þó að fara í garðlagið sjálft. Garðlagið liggur að túngarði sem liggur suður-norður. Sá túngarður er ekki samfelldur, en þó vel sýnilegur í landinu, og er á Herforingjakortagrunni frá 1907.
- Lýsing:** Garðlagið liggur austur-vestur. Það er nokkuð grasivaxið, en sést í einstaka steina. Það er um 45 m langt og um 1 má breidd, nokkuð útflatt. Hleðsluhæð 0.40 m, en yfirleitt nokkuð lægra.



Horft í suður yfir matjurtagarðinn.



Teikning af matjurtagarðinum. Teikn. K. G.

- Hlutverk:** Matjurtagarður.
- Tegund:** Garðlag.
- Staðsetning:** N: 63°25.585 V: 20°17.615
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Nýbyggingar, jarðrask.
- Staðhættir:** Matjurtagarðurinn liggur niður af, eða um 22 m í suður og vestur frá húsinu Brekkuhúsi. Norðurhlið garðsins er um 18-20 m löng.
- Lýsing:** Matjurtagarðurinn er vel afmarkaður í landinu.
- Suðurhlið garðsins er grasivaxin og er um 33 m löng, hleðsluhæð allt að 1 m við innri brún, en ytri brún lægri, um 0.40 m.


Austurhlið er um 33 m löng. Garðurinn er grasivaxinn neðst, en stakir steinar liggja þar ofan á. Hæð á innri brún er allt að 0.50 m eða lægri. Ytri brún er grasivaxin og rennur að mestu saman við landið í kring, um 0.30 m há hæð. Um miðjan garðinn er smá hólfi sem liggur inn í garðinn. Hleðsluhæð sú sama og í garðinum, en grasivaxið með steinum á víð og dreif. Norðurhlið er um 16-18 m löng frá norðaustuhorni garðsins, en rennur síðan saman við landið. Grasivaxinn að utan en sést í hleðslur að inn í garðinn. Hleðsluhæð um 0.30 m að innan, en rennur að mestu saman við landið við ytri kant. L-laga grjóthleðsla í suð-vestur afmarkar garðinn ásamt landinu sem er smá hæðardrag. Lengri armur garðsins er um 7 m, hleðsluhæð 0.60 m. Stytti armurinn er um 5 m, og þar er hleðsluhæð um 1.10 m.

113

(19)



Horft í vestur yfir dældina.



Teikning af dældinni. Teikn. K. G.

- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Dæld.
Staðsetning: N:63°25.691 V: 20°17.430
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 50 m í norður frá húsi sem stendur norðan heimreiðar að Brekkuhúsi.
Lýsing: Nokkur halli er í landinu að dældinni, en framan við er nokkuð slétt land. Dældin er mörkuð sunnan undir 10-12 m löngum hleðsluvegg, sem liggur austur-vestur. Dældin er út frá miðjum hleðsluveggnum og er um 4 m löng eftir veggnum og 5 m breið út frá honum. Botn og veggir dældarinnar eru grasivaxnir. Hæðin á veggjum dældarinnar er um 0.50 m eða aðeins lægri, og renna ytri brúnir dældarinnar saman við landið í kring sem er í smá bratta.



Horft í suður yfir garðana að Brekkuhúsi.

- Hlutverk:** Túngarður.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.627 V: 20°17.627
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Garðarnir liggja í norður frá Brekkuhúsi í átt að Norðurgarði í smá halla í landinu, en ofan við hann er meiri halli.
Lýsing: Austurhlið garðsins er vel afmörkuð í landinu. Um 160 m að lengd, hleðsluhæð allt að 1 m, en yfirleitt nokkru lægri. Frá honum liggja garðhleðslur í vestur, sem skipta rýminu innan garðsins í hólf. Vesturhlið garðsins er ekki samfelld. Grasivaxið er innan og utan við garðana.

Draumbær

Saga

Húsið **Draumbær** stendur utan byggðar fyrir ofan hraun. Jörðin Draumbær var ein af Ofanleitishjáleigum. Draumbær stóð nær beint vestur af Steinsstöðum, en íbúðarhúsið, sem var reist árið 1912, var rifið nokkru fyrir aldamótin 2000. Um nokkurt skeið var stundaður fjárbúskapur í útihúsunum, en þau voru einnig rifin fyrir síðustu aldamót

Brynjólfur Jónsson. Örnefni í Vestmannaeyjum: Brunnbær, sjá Draumbær:
Sæmundur Ingimundarson bóndi í Draumbæ segir að gömul kona sem bjó þar um 40 ára skeið áður en faðir hans tók við jörðinni um 1870 hafi sagt sér að jörðin hafi í fyrstu eftir að hún var tekin upp verið nefnd Brunnbær, sem dregið var af því að brunnur Ofanleitishjáleigu var fyrir framan bæjardyrnar. - Þótt skýring þessi sé álitleg styðst hún hvergi við rit. Draumbæjarnafnið kemur fyrst fyrir svo kunnugt sé í skýrslu sýslumanns til amtsins 1789. Árið 1787 er það kallað Ofanleitishjáleiga og varla má kalla að Draumbæjarnafnið festist við býlið fyrr en 1850, a.m.k ekki í plöggum embættismanna, þótt því bregði þar aðeins fyrir. Brynjólfur Jónsson segir enfremur: Draumbær var einbýli, spölkorn í útsuður frá Gvendarhúsi.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 hefur Draumbær ekki fengið sérstakt númer. Það gildir um fleiri jarðir í Vestmannaeyjum í jarðatalinu, en þar segir svo: Fleiri jarðir á Vestmannaeyjum, en þær sem nú eru taldar telja hvorki jarðabækurnar né sýslumaður, en í fólkstöluskýrslu sinni við árslok 1842 telur prestur hér að auki jarðir eða bæi, m.a Draumbæ. Bls. 22.

115 (36)



Frá vegslóðanum horft í suður að bæjarhólnum sem er fyrir miðju.

Sérheiti:	Draumbær.	
Hlutverk:	Bæjarhóll.	•
Tegund:	Heimild.	
Staðsetning:	N: 63°25.520 V: 20°17.566	
Ástand:	Ágætt.	
Hættumat:	Mikil hætta.	

- Hættuorsök:** Nýbyggingar.
- Staðhættir:** Frá Höfðavegi um 20 m í vestur eftir vegslóða í landi Draumbæjar, bæjarhóllinn er sunnan við vegslóðann.
- Lýsing:** Húsið **Draumbær** stendur utan byggðar fyrir ofan hraun. Jörðin Draumbær var ein af Ofanleitishjáleigum. Draumbær stóð nær beint vestur af Steinsstöðum en íbúðarhúsið, sem var reist árið 1912, var rífið nokkru fyrir aldamótin 2000. Um nokkurt skeið var stundaður fjárbúskapur í útihúsunum, en þau voru einnig rífin fyrir síðustu aldamót. Heimaslóð.
- Heimild:** Jarðatal Johnsens frá 1847 segir að getið sé um Draumbæ í fólktöluskýrslu frá 1842. Brynjólfur Jónsson 1918, Örnefni í Vestmannaeyjum Bls.16, 33. Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ. J.Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi. bls. 22. Kaupmannahöfn 1847.

116

(7)



Horft í suður að hleðslukantinum.


- Hlutverk:** Hleðslugarður við vegslóða.
- Tegund:** Garðlag.
- Staðsetning:** N: 63°25.515 V: 20°17.575
- Ástand:** Sæmilegt.
- Hættumat:** Mikil hætta.
- Hættuorsök:** Nýbyggingar.
- Staðhættir:** Um 30 m í vestur eftir vegslóða sem liggur frá Höfðavegi norðan við gamla bæjarstæðið í Draumbæ.
- Lýsing:** Hleðsluveggurinn er grasivaxinn að mestu, en hleðslur sýnilegar á einstaka stað. Hann er um 10 m langur og liggur í austur-vestur. Efri brún veggjahleðslunnar rennur saman við landið suður af garðinum. Þarna getur verið garðbútur sem hefur tilheyrt noðruhlið túngarðsins, eða að þarna sé um hleðslu og sem hefur verið styrkt með steinsteypu, og tilheyrt síðustu búsetu í Draumbæ.

117

(8)



Horft að norðausturhorni garðhleðslunnar.



Teikning af garðhleðslunni. Teikn. KG.

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.521 V: 20°17.573

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Um 10 m norður af hleðsluvegg (116) og norðan við götuslóða sem liggur í vestur frá Höfðavegi að bæjarstæði Draumbæjar.

Lýsing: Hleðslan er hlaðin inn í smá hæðardrag í landinu. Norðurhlið er um 6-7 m löng, hleðsluhæð er um 0.30 m, óljós hleðsla, og ofan á það er um 0.20 m grasivaxið. Austurhlið er um 5 m löng og hleðsluhæð um 0.30 m, og 0.20 m grasivaxið. Vesturhlið er um 3-4 m löng, hleðsluhæð um 0.30 m og grasivaxið um 0.30 m. Gaðlagið er opið til suðvesturs.

118

(9a)



Horft í norður yfir garðlagið.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.521 V: 20°17.548
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 20 m í vestur eftir vegslóða sem liggur frá Höfðavegi norðan við gamla bæjarstæðið í Draumbæ. Þá um 20 m í norður undir hæð sem liggur í landinu upp að Höfðavegi.
Lýsing: Garðlagið liggur norður-suður í landinu og er um 10 m langt, hleðsluhæð um 0.50 m, en hleðslur eru óreglulegar og hafa hrunið. Efri brún garðsins rennur samn við landið ofan við hann. Grasivaxið er að hleðslunni og að hluta til í hleðslusteinunum.

119
 (11)




Horft í suður yfir Nýja tún.

Sérheiti: Nýja tún.
Hlutverk: Tún.
Tegund: Ræktunarland.
Staðsetning: N: 65°25.480 V: 20°17.575
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Nýja tún liggur frá hlöðnum görðum sem eru sunnan við bæjarstæði Draumbæjar, vestan Höfðavegar, að Hamarsvegi og austan íbúðarhúss sem byggt var árið 2000 ásamt tilheyrandi lóð í vestur.
Lýsing: Grasivaxið tún, sem er í smá hæðum í landinu. Túnið afmarkast nú af Höfðavegi í austur, Hamarsvegi í suður, í vestur af heimkeyrslugötu og íbúðarhúsi byggðu 2000 ásamt lóð við húsið, og að hlöðnum görðum í norður.
Aðrar upplýsingar: Þorkell Jóhannesson: Sunnan við Stórhól við Draumbæ.
Heimild: Þorkell Jóhannesson, 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum, bls. 66. Reykjavík.



Horft í austur yfir tóftina.



Teikning af tóftinni. Teikn. K. G.

Hlutverk: Smiðja/bílskúr.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 63°25.495 V: 20°17.562

Ástand: Lélegt.


Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Höfðavegi, um 5 m eftir vegaslóða sem liggur að bæjarstæði Draumbæjar, þá í um 25 m í suður meðfram undirhleðslugirðingu sem liggur samhliða Höfðavegi að tóftinni.

Lýsing: Tóftin er hlaðin inn í smá hól í landinu, endaveggur stendur nokkuð vel og sést í hleðslur. Hleðsluhæð inni í tóftinni er um 1.20 m, en ofan á hleðsluna er grasivaxið. Hliðarveggir eru grasivaxnir, og eru hæstir næst endavegg, en lækka í um 0.60 við framhlið. Ytri brún veggja er um 0.40-0.50 m. Framhlið tófarinnar er að mestu hrunin, en þar hefur verið upphlaðinn veggur, sem styrktur hefur verið með steynsteypu. Yfir tóftina hefur verið lagt bárujárn, en leifar af því liggja í tóftinni, ásamt timbri.

Heimild: Heimildarmaður Hildar Jóhann Pálsson, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum.



Teikning af garðlaginu. Teikn. K. G.

- Hlutverk:** Matjurtagarðar.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.502 V: 20°.17.584
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Frá Höfðavegi, um 25 m í vestur eftir götuslóða sem liggur norðan við bæjarstæði Draumbæjar, og eru garðarnir í suður, vestur og norður frá því.

Lýsing:

Matjurtagarðarnir eru afmarkaðir með grjóthlöðnum görðum.

Austurhlið garðhleðslunnar er um 15 m löng, og er hleðsluhæð við norðausturhorn garðsins þar sem hann er hæstur um 1.60 m, en við suðausturhorn garðsins er hún um 0.40-0.50 m. Við norðausturhorn garðsins er garðstubbur sem er um 10 m langur í austur, hleðsluhæð um 0.40 m. Sunnan við garðstubbinn er smá lægð í landinu, svo úr verður afmarkað svæði, sem er álíka langt og austurhlið garðsins. Suðurhlið garðsins er um 17 m löng. Við suðvesturhorn hans er smá bogalöguð hleðsla sem fer inn í garðinn. Frá henni að suðvesturhorni garðsins er smá op í garðinn og út frá því liggur smá, um 6-7 m langt drag í landinu, sem afmarkar innganginn, hleðsluhæð um 0.30 m. Dragið rennur síðan saman við vesturhlið garðsins sem er um 17 m löng, hleðsluhæð 0.40-0.50 m. Um miðjan garðinn er hleðsluveggur sem liggur norður-suður eftir hóldragi, um 1 m hár, og skiptir garðinum. Í hólnum er garðhleðsla og ofan á henni er um 0.50 m grasivaxið. Norðurhlið garðsins er grasivaxið garðlag sem nær frá norðausturhorni garðsins í átt að vesturhlið garðsins, um 15 langt, hleðsluhæð um 1 m eða lægra, veggjaþykkt um 1-1.50 m.

122

(3)



Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.504 V: 20°17.600

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Höfðavegi, um 25 m í vestur eftir götuslóða sem liggur norðan við bæjarstæði Draumbæjar, og eru garðarnir í suður, vestur og norður frá því.

Lýsing: Garðarnir liggja samsíða matjurtagörðum sem eru austar í landinu, og er vesturhlið þeirra matjurtagarða austurhlið þessa túngarðs, er hann um 28 m langur.

Suðurhlið er um 12-13 m löng og er garðurinn rofinn á um 2 m bili nær suðvesturhorni hans.

Vesturhlið garðsins er um 25 m löng, en er rofin á tveimur stöðum.

Norðurhlið er um 12-13 m löng og út frá henni er bogalaga hleðslugarður inn í garðinn, hleðsluhæð þar um 0.30 m. Hleðsluhæð grjóthleðslugarðsins er um 0.30-0.40 m. Landið innan garðsins liggur í lögð í túninu, þá hækkar landið upp að görðunum, og grjóthleðslurveggir eru ofan á grasivaxinni upphækkuninni. Hæð á grasivöxnum kantinum er um 0.50 m, svo heildarhæð innan garðanna er um 0.60-0.70 m, en við ytri brún er hleðsluhæðin um 0.40 m þar sem grjóthleðslan rennur að mestu saman við landið.

Aðrar upplýsingar: Samkvæmt uppdætti sem er án ártals frá byggingarfulltrúanum í Vestmannaeyjum eru í landi Draumbæjar sýndir matjurtagarðar neðan, og vestan við íbúðahúsið.


Heimild: Gamall uppdráttur af Ofanleitisjörðum, hjá Byggingarfulltrúanum Vestmannaeyjum. Uppdrátturinn gæti hafa verið gerður upp 1900.

123

(4)



Horft í suður að skýlinu, Sýrasteinn fyrir miðju.



Teikning af skýlinu. Teikn K. G.

Hlutverk: Fjós.

Tegund: Tóft.

Staðsetning: N: 63°25.519 V: 20°17.592

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Frá Höfðavegi, um 25 m í vestur eftir götuslóða, sem liggur norðan við bæjarstæði Draumbæjar að hlöðnum túngarði, er skýlið um 4 m frá noðrvesturhorni garðsins í austur.

Lýsing: Að hluta til er skýlið hlaðið inn í smá hól í landinu, og eru hleðsluveggir á þrjár hliðar í skýlinu. Annar hliðarveggur skýlisins. er hruninn undir leifum frá bárujárnri og þaksperrum skýlisins. Hleðsluhæð er um 1 m þar sem veggir eru hæstir, eða lægri. Grasivaxið er ofan á hleðslurnar.

Heimildir: Heimildarmaður Hildar Jóhann Pálsson, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum.



Horft í norður eftir túngarðinum.

- Hlutverk:** Túngarður.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N:63°25.527 V: 20°17.601
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Frá Höfðavegi, um 25 m í vestur eftir götuslóða sem liggur norðan við bæjarstæði Draumbæjar, og eru garðarnir í suður, vestur og norður frá því. Frá norðausturhorni garðsins liggur þessi garður í norður.
Lýsing: Garðurinn er um 30-33 m langur, grasivaxinn syðst eða um 21 m þar sem hann liggur út frá norðuhlið túngarðsins, og um 12 m langur þar sem sést í grjóthleðslur. Hleðsluhæð um 0.50 m eða lægri. Veggjaþykkt um 0.50-1 m.



Horft í norður að Sýrasteini.

- Sérheiti:** Sýrasteinn.


Hlutverk: Álagablettur.
Tegund: Þjóðsaga.
Staðsetning: N: 63°25.510 V: 20°17.585
Ástand: Gott.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Sýrasteinn er um 20 m eftir götuslóðanum sem er frá Höfðavegi í vestur niður túnin í landi Draumbæjar, og þá 20 m í suður þar sem steinninn er innan um hleðslugarða, og fast norðan við hann er tóft.
Lýsing: Sýrasteinn situr vel í landinu með hóldrag sem stuðning við austurhlið, sem umlykur hann síðan í brekkunni til vesturs, þar sem hann er hæstur um 4 m. Að austan er hann um 2 m.
Aðrar upplýsingar: Sýrasteinn hefur líka verið kallaður Sýrsteinn.
Hjá Draumbæjarbænum. Það var trú manna að að ekki mætti hreyfa steinninn vegna þess að álfar byggju í honum.
Heimild: Þorkell Jóhannesson 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. bls. 70. Reykjavík.

126

(6)



Horft í austur að tóftinni.



Teikning af tóftinni. Teikn. K. G.

Hlutverk: Reykkofi.
Tegund: Tóft.
Staðsetning: N: 63°25.510 V: 20°17.586
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Fast norðan undir Sýrasteini sem stendur í garðlandi Draumbæjar.
Lýsing: Tóftin er hlaðin inn í smá hóldrag í landinu, og renna ytri brúnir hleðsluveggja saman við landið í kring. Hleðslur standa vel, hleðsluhæð á suðurvegg um 1.30 m. Á suðurhlið er hleðsluhæð um 0.75 m, og norðurhlið um 0.80 m.
Aðrar upplýsingar: Reykkofinn var notaður í tíð Kristmundar Sæmundssonar d. um 1980.
Heimild: Heimildarmaður Hildar Jóhann Pálsson, Hraunbúðum, Vestmannaeyjum.



Horft í suður eftir undirhleðslugarðinum.

- Hlutverk:** Garðlag.
Tegund: Garðlag/undirhleðslugarður.
Staðsetning: N: 63°25.491 V: 20°17.558
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Undirhleðslugarðurinn liggur í suður-norður neðan/vestan Höfðavegar, ofan við er húsið Steinstaðir. Frá vegslóða sem liggur að bæjarstæði Draumbæjar meðfram Höfðavegi að Hamarsvegi í suður.
Lýsing: Grasivaxinn undirhleðslugarður um 160 m langur. Ofan í hann eru girðingastaurar og girðing á milli þeirra. Hleðsluhæð um 0.25 m.



Horft í suður eftir túngarðinum.



Horft til norðvesturs eftir túngarðinum.

- Hlutverk:** Túngarður.
Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.541 V: 20°17.632
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Túngarðurinn liggur í suður-norður um 1-1.5 m vestan við nýlega girðingu í kringum land Draumbæjar, um 140 m í norður frá húsi sem er nýlega byggt á mótum Höfðavegar og Hamrasvegur, og um 80 m frá nyrstu görðum kringum bæjarstæði Draumbæjar. Norðurendi garðsins liggur í smá boga í kringum klettabelti í landinu.
Lýsing: Garðurinn er um 48 m langur í suður- norður, beygir þá til vesturs í kringum klettabelti í landinu og er þar um 15 m. Hleðsluhæð er um 0.50 m þar sem hann er beinn, en lægri og ekki eins samfeldur þar sem hann beygir. Grasivaxið er að garðinum.

129

(30)



Horft til norðurs yfir matjurtagarðinn.

Hlutverk: Matjurtagarður.
Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.547 V: 20°17.685
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Nokkur hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Vestan undir klettabelti þar sem túngarður (128) liggur að austan og um 100 m í norður frá húsi sem er nýlega byggt á mótum Höfðavegar og Hamrasvegur, og um 60 m frá nyrstu görðum kringum bæjarstæði Draumbæjar.
Lýsing: Matjurtagarðurinn er um 10x15 m². Hleðslur eru ekki merkjanlegar, en garðurinn er nokkuð vel afmakaður í landinu, grasivaxinn að innan og í kringum hann.



Horft yfir majurtagarðinn til suðurs.

Hlutverk: Matjurtagarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.513 V: 20°17.660

Ástand: Ágætt.

Hættumat: Nokkur hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Matjurtagarðurinn er 30 m í norður frá nýlega byggðu húsi á mótum Höfðavegar og Hamrasvegar og um 20 m frá nyrstu görðum kringum bæjarstæði Draumbæjar.


Lýsing: Matjurtagarðurinn er um 30x40 m², nokkuð vel afmarkaður í landinu, án þess að hleðslur væru sýnilegar. Mikill gróður er í honum og líklegt að hann hafi verið í notkun fyrir stuttu.

Aðrar upplýsingar: Samkvæmt kortagrunni frá 1983 sem til er hjá byggingarfulltrúanum í Vestammaeyjum er matjurtagarðurinn teiknaður þar inn. Kortið er unnið efir eldra korti Búnaðarfélags Íslands varðandi ræktunarlönd og tún.



Horft í suðaustur að landamerkjstaurnum.

- Sérheiti:** Landamerki.
Hlutverk: Landamerki.
Tegund: Staur.
Staðsetning: N: 63°25,565 V: 20°17.461
Ástand: Lélegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 50 m í túni sem er suðaustur af Brekkuhúsi, neðan Höfðavegar um 20 m í norður frá heimkeyrslu að Suðurgarði.
Lýsing: Eins og staurinn er núna hefur hann fallið til vesturs. Hann er um 1.20 m langur og ummál um 0.35 m. Austan við staurinn liggja þúfur í landinu, ekki er hægt að merkja hleðslur í þeim, en þær eru nokkuð þéttar og áberandi grænn litur í og við þær, svo hugasnlega gætu þarna verið hleðsluveggir frá einhverju mannvirki.
Aðrar upplýsingar: Samkvæmt gömlum kortagrunni, sem til er hjá byggingarfulltrúa Vestamannaeyja, hefur staurinn verið á mörkum þessa lands sem var Brekkuhús og Draumbær.
Heimild: Kortagrunnur byggingarfulltrúa Vestamannaeyja, án ártals, en á kortinu er hús við Brekkuhús teiknað inn, en það hefur byggt árið 1912 samkvæmt Fasteignamati ríkisins 2010.
 Viðtal við Ingibjörgu Jónsdóttir, Þorlaugargerði í apríl 2010



Horft í norður að hleðslusteinunum.

- Hlutverk:** Óþekkt.
Tegund: Hleðslusteinar.
Staðsetning: N: 63°25.562 V: 20°17.539
Ástand: Ágætt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Um 40 m frá suðausturhorni Brekkuhúss frá suðausturhorni í túni utan við girðingu sem liggur samhliða heimkeyrslunni að Brekkuhúsi.
Lýsing: Þrír steinar sem reistir hafa verið upp þannig að þeir mynda einhverskonar þríhyrnda strýtu. Hæð steinanna er frá 0.35-0.70 m.



Horft í suður eftir garðlaginu,

- Hlutverk:** Túngarður.

Tegund: Garðlag.
Staðsetning: N: 63°25.524 V: 20°17.588
Ástand: Sæmilegt.
Hættumat: Mikil hætta.
Hættuorsök: Nýbyggingar.
Staðhættir: Frá Höfðavegi um 40 í vestur eftir götuslóðanum sem liggur að bæjarstæði Draumbæjar. Þaðan liggur garðurinn í norður og rennur inn í bæjarhól Brekkuhúss.
Lýsing: Garðurinn er grasivaxinn. Frá götuslóða í norður er hann um 30 m langur. Þá er rof í garðinn um 4 m langt, síðan liggur hann áfram í norður um 45 m þar til hann rennur saman við landið kringum Brekkuhús. Veggjaþykkt neðst í garðinum er um 3-4 m, rennur saman við grasivaxið landið sem liggur að honum. Að ofan er hann um 0.50 m á breidd, og hleðsluhæð er um 1-1.20 m.

Ofanleiti

Saga

Í Oddarnáldaga frá 1270 (DI II, bls. 66) er talað um Péturskirkju fyrir ofan leiti, eins og byggðin var kölluð framan af. Um 1600 eru nöfnin runnin saman og alltaf talað um Ofanleiti. Prestsetur var á Ofanleiti frá fornu fari og bændabyggð. Í Ofanleiti voru 3 aðskildir bæir árið 1704. Jörðin bar 16 kýrfóður ásmat Gvendarhúsum og Brekkuhúsum, sem töldust hjáleigu frá Ofanleiti þótt þær stæðu ekki í túninu. Bjarnarey, Hani og Hæna fylgdu Ofanleiti og hafði presturinn helming þeirra til beita, fjórðung fengu ábúendur í Gvendarhúsum og Brekkuhúsum. Ofanleitisbændur höfðu 3 fiskhjalla á Skipasandi og einn við Brekkuhús. Fiskigarðar voru á Ofanleiti í tvennu lagi, annar efst við hraunið en hinn nokkru neðar. Heiðarhús hét húsmannsbýli sem tilheyrði Ofanleiti og var farið í eyði 1704.55

Aðrar upplýsingar

Ofanleiti var prestsetur og greiddi prestur enga landsskuld, aðrir ábúendur greiddu skuld sína í fiski og lýsi og héldu við bæjum sínum, sem og gerði prestur.

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. Bls. 15, 23.

Samkvæmt kortagrunni frá 1983 sem til er hjá byggingarfulltrúanum í Vestammaeyjum er túnið sem um ræðir neðan og vestan Höfðavegar eins og hann heitir í dag. Kortið er unnið efir eldra korti Búnaðarfélags Íslands varðandi ræktunarlönd og tún.



Horfi í norður eftir túngarðinum neðan Brekkuhúss.

Sérheiti: Ofanbyggjaragirðing.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.596 V: 20°17.651

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Túngarðurinn liggur í landinu norður-suður og fylgir lögun landsins neðan og vestan við land Draumbæjar, Brekkuhúss og Norðurgarðs.

Lýsing: Túngarðurinn er ekki samfelldur í landinu, en vel hægt að fylgja honum vestan við Draumbæ, Brekkuhús og Norðurgarð. Garðurinn liggur nokkrum metrum

vestar við afmörkum lands á framantöldum jörðum, eins og landamörkin eru skilgreind í dag. Garðurinn er allt að 1.10 m á hæð, en yfirleitt nokkuð lægri, og á einstaka stað eru það smá steinahrúgur sem segja til um hvar garðurinn hefur legið.

Aðrar upplýsingar: Gps hnit á garðinum tekin með um 20-25 m bili. Fyrsta hnit tekið neðan og vestan við Brekkuhús og haldið í norður: að Norðurgarði

N: 63°25.603 - V: 20°17. 637

N: 63°25.610 - V: 20°17. 619

N: 63°25.583 - V: 20°17.582

N: 63°25.633 - V: 20°17.566

N: 63°25.640 - V: 20°17.547

N: 63°25.647 - V: 20°17.528

Ekki samfeldur garður

N: 63°25.653 - V: 20°17.510

N: 63°25.660 - V: 20°17.488

N: 63°25.667 - V: 20°17.469

Smá sveigar í garðinn þar sem hann er neðan Norðurgarðs.

N: 63°25.674 - V: 20°17.448

N: 63°25.677 - V: 20°17.438

Í horni garðsins suðvestur af Norðurgarði.

N: 63°25.690 - V: 20°17.428

N: 63°25.698 - V: 20°17.437

Vestan norðurgarðs í suður:

N: 63°25.706 - V: 20°17.425

Vestan Norðurgarðs:

N: 63°25.715 - V: 20°17.412

N: 63°25.725 - V: 20°17.399

N: 63°25.733 - V: 20°17.384

N: 63°25.739 - V: 20°17.365

Við spennistöð:


N: 63°25.754 - V: 20°17.344

Samkvæmt þeim jarðmælingum, sem herföngjaráðið danska lét gera á Heimaey árið 1907 eru garðarnir merktir á kortið þar sem Ofanleiti er nafngreint. Hafa garðarnir einnig legið kringum Ofanleiti.

Þorkell Jóhannesson: Forn girðing kringum tún Ofanleitisbæja, Ofanleitis, Norðurgarðs, Svaðskots., Gvendarhús, Draumbæjar, Brekkuhús, Þorlaugagerðis og Steinsstaða. Girðingin var einnig kölluð Ofanleitisgirðing.

Heimild: Kortið er Herföngjaráðskort birt aftan við lýsingu Vestmannaeyjarsóknar eftir Brynjólf Jónsson, sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1918.

Þorkell Jóhannessons 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum, bls. 57.



Horfi yfir Ofanleitistún.

Sérheiti: Glashóll.

Hlutverk: Örnefni.

Tegund: Náttuminjar.

Ástand: Gott.

Hættuorsök: Nýbyggingar.

Staðhættir: Tún neðan og vestan við Höfðaveg á milli Norðurgarðs og Brekkuhúss, og austan túngarðs í landi Brekkuhúss í vestur.

Lýsing: Túnið liggur að landamerkjum Brekkuhúss í suður, landi Norðurgarðs í norður, og túngarði. Í suðausturhluta túnsins eru náttúrulega lagaðir hólar, og þar er Glashóll.

Aðrar upplýsingar: Þorkell Jóhannesson: Í Ofanleitistúni er vestan við Brunnlág. "Á Glashól hafði sr. Jón Austmann gefið vel í staupi við hirðingar; má vera að nafnið sé dregið af því. Aðrir segja að nafnið komi til af því að séra Brynjólfur Jónsson (d. 1884) hafi oft drukkið kaffi með fólki sínu er það vann að heyskap. Ennþá var farið til kaffidrykkju á Glashól þegar séra Þorsteinn Lúther Jónsson þjónaði Ofanleitssókn 1961-1979. Samkvæmt þeim jarðmælingum, sem herföngingjaráðið danska lét gera á Heimaey árið 1907 eru garðarnir merktir á kortið þar sem Ofanleiti er nafngreint. Hafa garðarnir einnig legið kringum Ofanleiti. Þorkell Jóhannesson: Forn girðing kringum tún Ofanleitisbæja, Ofanleitis, Norðurgarðs, Svaðskots., Gvendarhús, Draumbæjar, Brekkuhús, Þorlaugagerðis og Steinsstaða. Girðingin var einnig kölluð Ofanleitisgirðing.

Heimild: Kortið er Herföngingjaráðskort birt aftan við lýsingu Vestmannaeyjarsóknar eftir Brynjólf Jónsson sem gefin var út í Kaupmannahöfn 1918.

Heimaslóð er sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.

Þorkell Jóhannessons 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum, bls. 46.

Viðtal við Ingibjörgu Jósóttir í Þorlaugagerði í apríl 2010

Utan við ofantaldar jarðir

136

(32)



Frá norðurenda garðsins horft í vestur.



Horfi í vestur yfir vesturhluta garðsins.

Hlutverk: Túngarður.

Tegund: Garðlag.

Staðsetning: N: 63°25.776 V: 20°17.338

Ástand: Sæmilegt.

Hættumat: Mikil hætta.

Hættuorsök: Nýbyggingar. ;,

Staðhættir: Garðurinn liggur við vegslóða sem er neðan/vetan við Norðurgarð í smábeygjum í landinu í suður-norður og beygir til vesturs. Garðurinn ligur áfram til vesturs og samaeinast öðrum görðum sem eru utan skráningarsvæðisins.

Lýsing: Garðurinn er ekki samfelldur, en þó vel sýnilegur í landinu. Hleðsluhæð er um 0.50 m, en yfirleitt lægri. Hrunið hefur úr veggjahleðslum garðsins svo hann er útflattur.

Aðrar upplýsingar: Norðurendi garðsins hefur Gps.

1) N: 63°25.776 - V: 20°17.338

Millimælingar:

2) N: 63°25.775 - V: 20°17.360.

3) N: 63°25.772 - V: 20°17.383.

Vesturhluti mælingar:

4) N: 63°25.768 - V: 20°17.407.

NIÐURSTÖÐUR

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...]hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Númer í sviga í eftirfarandi texta vísa til númera í fornleifaskráningunni.

Norðurgarður

Bæjarhóllinn

Nýtt hús var reist 2003 á svipuðum stað og Norðurgarður eystri og vestari **(100)** stóðu áður. Húsin sem stóðu þar á undan voru rifin 1992. Þessar framkvæmdir fóru fram án þess að nein athugun á bæjarhólnum væri gerð. Ef einhverjar meiri framkvæmdir verða í eða við bæjarhólinn verður að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um þá framkvæmd.

Norðurgarður er sagður tveir sambyggðir bæir samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá byrjun 18. aldar (1703). Bæjarhóllinn í Norðurgarði á sér því nokkur hundruð ára sögu.

Samkæmt Fornleifavernd ríkisins á eftirfarandi skilgreining við um bæjarhól:
"Hann samanstendur afhól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf- og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkurra metra þykkir."

Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar. Bls. 23-24. Fornleifavernd ríkisins 2008.

Garðhleðslur

Vestan og norðan við bæjarhólinn eru matjurtagarðar **(101)**, og garðhleðslur inn í lága hæð afmarka stærð hans í austur en ytri mörk garðsins eru fremur óljós þar sem þau renna saman við landið í kring. Það eru þá hleðslurnar sem eru í austurkanti garðsins sem gætu verið í hættu ef til framkvæmda kæmi við þær.

Hleðsluveggur **(102)** um 5 m frá norðausturhorni hússins sem nú stendur í landi Norðurgarðs. Hleðsluveggurinn er hlaðinn inn í bæjarhólinn. Hann er ekki í beinni hættu, nema við jarðrask í bæjarhólnum.

Rétt suðaustan við spennistöð, sem er neðan og vestan við bæjarhólinn, liggur siginn og grasivaxinn túngarður **(103)** í landinu. Garðurinn gæti verið í hættu ef framkvæmdir verða á þessu svæði.

Í norður frá bæjarhól Norðurgarðs er túngarður **(104)** sem liggur austur-vestur í landinu og sameinast matjurtagörðum (105), sem eru norðan við hann. Lega garðsins í landinu gæti hent til að þarna væri hluti af Ofanbyggjaragirðingu. Túngarðurinn gæti verið í hættu við framkvæmdir á svæðinu.

Í norður frá bæjarhól Norðurgarðs eru matjurtagarðar **(105)**, og kringum þá eru hleðslugarðar sem standa vel og eru vel afmarkaðir í landinu. Garðarnir sem heild gefa mynd af garðakerfi, jafnvel sem hefur byggst upp á löngum tíma. Væri best að varðveita þá sem heild.

Túngarður **(106)** sem liggur á milli Norðurgarðs og Ofanleitistúns sem er neðan Höfðavegar. Túngarðurinn er ekki í beinni hættu nema framkvæmdir verði á þessu svæði.

Samantekt fyrir Norðurgarð:

Fornleifar í landi Norðurgarðs eru ekki margar.

Þar er þá fyrst að nefna bæjarhólinn, en allar framkvæmdir eins og nýbyggingar í og við hann eiga að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Norðan við bæjarhólinn út að Hraunvegi er túngarður sem liggur austur-vestur. Lega garðsins gefur tilefni til að ætla að þar sé hluti af Ofanbyggjaragirðingunni. Garðurinn gæti verið í hættu við framkvæmdir. Norður frá honum eru miklar garðhleðslur sem hlaðnar hafa verið í kringum matjurtjurtagarða. Garðarnir standa vel og eru vel afmarkaðir í landinu. Það ætti því að horfa á þá sem heild og varðveita þá heilstætt.

Brekkuhús

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að Brekkuhús sé ein af Ofanleitisjörðunum, hjáleiga frá Ofanleiti, og þar er einnig getið um leiguskilmála fyrir hjáleiguna og aðra skilmála eins og að fiskigarð fékk ábúandi hjá Ofanleitisbændum en engan hjall, og notaðist ábúandi við eigin hjall árið 1704, sem hann hafði byggt með leyfi umboðsmanns.

Þar eru einnig nefndar til hjáleigunar nefndar Gvendarhús, Brekkuhús, Svaðkot, Steinsstaðir og Draumbær.

Samkvæmt þessum rituðu heimildum er það ljóst að búið hefur verið í Brekkuhúsi frá byrjun 18 aldar, en búseta hefur eflaust hafist fyrir en heimildir segja til um.

Bæjarhólinn.

Aðkoman að bæjarhólnum **(107)** í Brekkuhúsum er úr austri og landið þar nokkuð jafnslétt, en nokkur hæðarmunur er á suður-, vestur- og norðurhlið hans.

Nýtt hús var byggt á bæjarhólnum 1999, án tillits til þess að þarna hafi verið um bæjarhól að ræða. Bæjarhólnum hefur því verið umbylt meira eða minna. Við meira rask í eða við bæjarhólinn verður það að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Samkæmt Fornleifavernd ríkisins á eftirfarandi skilgrining við um bæjarhól:

"Hann samanstendur af hól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkurra metra þykkir."

Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar. Bls. 23-24.

Norðan og austan í bæjarhólnum er hús **(108)** sem samkæmt Fasteignamati ríkisins var byggt 1912. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Við húsið er einnig brunnur **(109)**, en í hann hefur verið safnað regnvatni, og má ætla að hann sé hlaðinn eftir að húsið var byggt. Fyrstu brunnar voru byggðir upp úr aldamótum 1900, en eftir 1925 var skylt að byggja brunna við byggingu húsa.

Tóft **(110)** er sunnan við heimkeyrsluna rétt austan við bæjarhólinn. Tóftin er nokkuð vel varðveitt, og veggir standa vel. Undirstöður tóftarinnar gætu verið frá eldri búsetu í Brekkuhúsum, en vel má vera að hún hafi verið í notkun allt fram á miðja síðustu öld.

Túngarður **(111)** liggur austur-vestur á vestari mörkum lands Brekkuhúss í norður og Draumbæjar í suður. Garðurinn liggur í vestur að túngarði sem er í suður-norður og er hluti af Ofanleitistúngarði,

Vestan og neðan við bæjarhólinn er nokkuð stórt svæði þar sem hlaðnir garðar afmarka svæði matjurtagarða **(112)**. Ætla má að þessir matjurtagarðar hafi verið í notkun allt að því fram á þennan dag, en þó gæti verið að hlutar þeirra séu frá eldri tíð, en hleðslum hafi verið haldið í horfinu meðan á notkun stóð.

Undir hleðsluvegg sem er norðan og neðan við bæjarhólinn er afmörkuð dæld **(113)** í landinu, í góðu skjóli fyrir norðanáttinnni. Hleðsluveggurinn rennur síðan saman við garða **(114)** sem liggja að landamörkum Norðurgarðs.

Í norður frá matjurtagörðum sem eru vestan við bæjarhól Brekkuhúss eru garðhleðslur **(114)**, sem liggja að landamerkjum Norðurgarðs. Garðar þessir eru nokkuð signir en þó vel afmarkaðir í landinu, og nokkuð hefur hrunið úr hleðslum. Grasivaxið er utan og innan garðanna. Svæðið innan þessa garða virðist í heild ekki hafa verið í notkun lengi, og görðum ekki viðhaldið.

Samantekt Brekkuhús.

Nýtt hús var byggt á bæjarhólnum 1999, án þess að gerð væri nein athugun á bæjarstæðinu. Við allt jarðrask sem kann að eiga sér stað í og við bæjarhólinn verður það að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Eldra hús sem byggt var árið 1912 stendur nú norðan í bæjarhólnum, ef til kemur að það eigi að víkja verður það að vera í samráði við Húsafriðunarnefnd, þar sem eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt

að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Einning þarf að leita álits Fornleifaverndar ríkisins, vegna þess að hússtæðið er hluti af bæjarhólnum ásamt brunnstæðinu.

Matjurtagarðar eru vestan og neðan við bæjahólinn. Þeir hafa að hluta til verið í notkun fram á þenna dag, en norðurhluti hans gætu hafa tilheyrt eldri búsetu í Brekkuhúsi. og gæti því verið í hættu við jarðrask á svæðinu.

Telja má þó að garðar sem eru norðar og liggja að landi Norðurgarðs séu mun eldri, þar sem hleðsluveggir eru signir og nokkuð hrundir. Garðarnir eru þó vel afmarkaðir í landinu og ættu að varðveitast sem heild.

Draumbær

Bæjarhólinn (115).

Íbúðarhúsið sem síðast stóð í landi Draumbæjar var byggt 1912. Það var rífið nokkru fyrir aldamótin 2000.

Draumbæjarnafnið kemur fyrst fyrir í opinberum skýrslum 1789, en 1787 er býlið undir Ofanleitishjáleigu. Draumbæjarnafnið festist við býlið 1850. Það er líka hægt að tengja nafnið Draumbær við frásögn sem nær aftur til ársins 1730. Það má því ætla að bæjarhólinn í Draumbæ eigi sér nokkra hundruð ára sögu.

Samkæmt skilgreiningu Fornleifaverndar ríkisins á eftirfarandi við um Bæjarhól:

"Hann samanstendur af hól sem myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum, þar sem bær stóð um lengri tíma, jafnvel aldaraðir. Bæjarhólar eru meðal mikilvægustu minjastaða. Þeir geta orðið nokkra metra þykkir."

Heimild: Fornleifaskráning - Skráningarstaðlar og leiðbeiningar. Bls. 23-24. Fornleifavernd ríkisins 2008.

Garðhleðslur

Einkennandi fyrir land Dramubæjar eru garðhleðslur sem afmarka matjurtagarða og tún í landinu Garðarnir standa vel og eru vel sýnilegir í nokkuð sléttu landinu.

Hleðslukantur (116) er við götuslóða sem liggur í vestur norðan við garðlög og bæjarstæði Draumbæjar. Sem hluti af öðrum garðum á svæðinu er hann í hættu. Þessi garðbútur tilheyrir næsta umhverfi bæjarhólsins, og sem hluti búsetulandinu er hann í hættu.

Túngarður (118) er í norður frá vegslóðanum sem liggur í vestur frá Höfðavegi að bæjarstæði Draumbæjar sem er sunnan við slóðann. Nokkuð hefur hrunið úr hleðslum garðisins, en hann er þó vel afmarkaður í landinu. Þessi garður gæti verið hættu við framkvæmdir.

Túngarður (122). Miklar garðhleðslur sem standa vel eru sunnan og vestan við bæjarstæði, og afmarka matjurtagarða við bæjarstæðið Draumbæjar. Garðarnir eru hluti afbæjarstæðinu og búsetulandslagsins sem heildar.

Túngarður (124) liggur í norðurhluta túnsins, rétt neðan við bæjarstæði og norðan vegslóða að Draumbæ. Garðurinn liggur norður-suður, í landinu. Suðurhluti garðsins er nokkuð siginn og grasivaxinn, en í norðurenda eru sýnilegar hleðslur. Garðurinn er vel sýnilegur og heillegur, og gæti verið í hættu vegna nýbygginga.

Undirhleðslugarður (127) liggur í suður-norður samhliða Höfðavegi neðan Steinsstaða. Ofan í garðinn er stauragirðing. Eldri hleðslur gætu leynst undir sverðinum. Undirhleðslugarðurinn ekki í beinni hættu nema við jarðrask.

Afmarkaður túngarður (128) liggur vestan við stauragirðingu sem girðir nú land Draumbæjar. Garðurinn er nokkuð heillegur þar sem hann liggur í landinu á milli girðingarinnar og lágs klettabeltis. Vegna legu sinnar gæti þarna verið hluti af Ofanleitisgirðingunni (134), en hún er vel sýnileg nokkuð norðar í landinu. Því bera að taka tillit til hans við skipulag svæðisins og að hann varðveitist með garðinum sem liggur neðan Brekkuhúss og Norðurgarðs.

Túngarður (133) liggur í landi í norðurtúni Draumbæjar og nær langleiðina að Brekkuhúsi í norður. Austurhlið garðsins rennur nokkuð saman við landið þar sem hann liggur á smá halla í landinu, Rof er í miðjan garðinn. Við nýbyggingar eða jarðrask gæti garðuinn verið í hættu.

Matjurtagarðar

Í heimildum frá 1791 er byrjað að skrá fjölda matjurtagarða og önnur sáðlönd. Fram til ársins 1811 eru það danskir kaupmenn eða verslunarstjórar þeirra sem hafa sína matjurtagarða. En heimamenn fóru smám saman að sýna þessu meiri áhuga. Árið 1811 eru skráðir 11 matjurtagarðar, og 1852 eru þeir 74. Árið 1853 eru þeir 87 og árið 1876 eru þeir 127 talsins.

Matjurtagarður (117) er afmarkaður í smá halla í landinu norðan við veglóðan sem liggur í gegnum bæjarstæði Draumbæjar. Óreglulegar hleðslur eru í kantinum á þrjá vegu. Fjórða hliðin rennur samna við landið. Ef líta á á Draumbæjarlandið sem heildar búsetulandslag er garðurinn í hættu ef til framlkvæmda kemur á þessu svæði.

Matjurtagarðar (121). Að görðunum liggja stæðilegir hleðslugarðar sem afmarka svæði og stærð matjurtagarðanna. Þá eru hleðslur innan garðanna þar sem þeim er skift í minni hólfi, væntanlega fyrir ólíka ræktun og/eða bletti fyrir búfénað. Hleðslugarðarnir liggja að bæjarstæði Draumbæjar að sunnan og vestan. Þessir garðar eru hluti af bæjarstæði Draumbæjar sem heildar og sýna okkur búsetulandslag liðins tíma. Þeir ætti því að varðveitast sem heild.

Matjurtagarður (129). Garðurinn er vestan undir klettabelti þar sem austan við er túngarður, sem vegna legu sinnar í landi gæti verið hluti af Ofanbyggjaragirðingu (136). Garðurinn er ekki í beinni hættu.

Matjurtagarður **(130)**. Garðurinn er í landinu neðan/vestan við garðhleður við bæjarstæði Draumbæjar. Garðurinn er endurteiknaður á kort frá 1983 sem gert var eftir eldra korti Búnaðarfélags Íslands varðandi ræktunarlönd og tún. Garðstæðið gæti verið frá því fyrir miðja síðustu öld. Það er því ekki í beinni hættu.

Undirhleðslugarður **(127)** er vestan/neðan Höfðavegar og liggur í suður frá vegslóða að bæjarstæðinu, út að Hraunvegi. Þarna er nú stauragirðing ofan í garðlag sem gæti haft hleðslur undir sverðinum. Við jarðrask þyrfi að gæta að því ef eldri hleðslur gætu verið undir sverðinum.

Ný rækt

Í landi Draumbæjar í suður frá bæjarstæðinu neðan Höfðavegar er heitið Nýja tún **(119)** samkvæmt Örnefnum í Vestmannaeyjum frá 1938. Þar hefur verið komið á nýrækt í landinu. Ekki er vitað um önnur heiti eða kennileiti á því svæði sem er Nýja tún. Túnið er því ekki í beinni hættu.

Tóftir/skýli

Rétt neðan við Höfðaveg á móts við Steinsstaði er tóft **(120)**, sem hlaðin er í hóldrag. Tóftin var smíðja, en var síðast notuð sem bílskúr. Tóftin er vel afmörkuð í landinu. Endaveggur stendur vel, en hliðarveggir hafa sigið og hrunið. Í framhlið tóftarinnar hefur verið steyptur veggur á síðari tímum tóftarinnar, en gera má ráð fyrir að áður hafi verið trévirki í framhlið hennar. Spýtnabrak og leifar af þakefni liggja í tóftinni. Tóftin gæti verið í hættu vegna vegagerðar, jarðrasks og nýbygginga, en hún hluti af búsetulandslagi Draumbæjar.

Tóft **(123)**, sem síðast var notað sem fjós. Tóftarveggir eru á þrjár hliðar. Hleðslur eru jafnar og standa vel á tveimur hliðum, en sú þriðja er hrugin að hluta og liggur undir leifum timburs- og þakefnis, sem hefur verið yfir skýlinu. Tóftin gæti verið í hættu vegna vegagerðar, jarðrasks, og nýbygginga, en tóftin er hluti af búsetulandslagi Draumbæjar.

Tóft **(126)** sem var notuð sem reykkofti í tíð Kristmundar Sæmundssonar d. um 1980. Tóftin er norðan undir Sýrasteini og fellur vel að landi og steini. Hleðslur eru varðveittar, en þær eru á þremur hlið tóftarinnar. Tóftin er hluti af búsetulandslagi Draumbæjar og gæti verið í hættu vegna jarðrasks og nýbygginga.

Álagablettur

Sýrasteinn **(125)** er sagður bústaður álfa og má því ekki hreyfa við honum. Steinninn stendur í miðju landi matjurtagarða sunnan við bæjarstæði Draumbæjar. Hvort það svo verður metið í hindurvitnum, framkvæmdum, eða friðun fer eftir áherslum framkvæmdaaðila og/eða lagaumhverfi þeirra sem ákvarðanir taka, hvað á að ganga langt í þjótrúnni. En sagan og steinninn eiga samleið.

Landamerki

Á landamerkjum **(131)** Brekkuhúss og Drambæjar er landamerkjastaur sem er hálfvallinn. Austan við staurinn, er í landinu þúfur sem gætu verið manngerðar, þótt ekki sjáist í neinar hleðslur í þeim, en grænna er í kringum þúfurnar en landið sem er í kring, sem gæti bent til mannvirkis vegna skepnuhalds. Jarðrask í og við landamerkjastaurinn verður að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Í sama túni og landamerkjastaurinn er steinahleðsla **(132)** sem er í línu í vestur frá sturnum (131) sem áður er nefndur. Þarna gæti verið um að ræða steinhleðslu sem notuð hefur verið í leik barna.

Samantekt á niðurstöðum Draumbæjar

Það sem er einkennandi fyrir land Draumbæjar eru garðlög/ túngarðar og matjurtagarðar sem liggja að bæjarstæðinu frá öllum hliðum. Innan garðanna og við þá er að finna vel varðveittar minjar, sem hafa verið vettvangur ábúenda Draumbæjar gegnum tíðina með sínum túngörðum, hleðslum, tóftum, þjóðtrú og bæjarstæði. Þetta er ein heilstæðasta mynd af búsetulandslagi sem hægt er að finna í Vestmannaeyjum, vel varðveittar minjar um horfinn tíma. Við skipulagsvinnu í landi Draumbæjar ætti að taka fullt tillits til varðveislu búsetulandslagsins sem heildar.

Ofanleiti

Ofanbyggjaragirðing **(134)**, um hana segja heimildir: Forn girðing kringum tún Ofanleitisbæja, Ofanleitis, Norðurgarðs, Svaðskots, Gvendarhúss, Draumbæjar, Brekkuhúss, Þorlaugargarðis og Steinsstaða. Girðingin var einnig kölluð Ofanleitisgirðing.

Girðingin er sýnd á svonefndum herforingjakortum frá 1905.

Girðingin liggur í suður-norður vestan við Norðurgarð og Brekkuhús. Hún er í dag vel afmörkuð í landinu, en vestan við Brekkuhús er hún ekki alveg samfelld. Vestan Draumbæjar er stakur hleðslugarður sem gæti verið hluti af henni. Einnig er garðhleðsla norðan við Norðurgarð sem gæti verið norðurmörk girðingarinnar. Við deiliskipulag svæðisins ber að taka fullt tillit til legu Ofanbyggjaragirðingar og varast allt jarðrask í námunda við hana.

Í túni Ofanleitis neðan Höfðavegar, er aðeins eitt örnefni svo vitað sé, og er það Glashóll **(135)** sem skráð er í bókina Örnefni í Vestmannaeyjum frá 1938. Landið í túninu er nokkuð slétt að undanskildum hólum sem eru staðsettir nær landi Brekkuhúss. Þar er fyrrnefndur Glashóll. Ekki er vitað um neinar fornleifar í túninu. Við jarðrask í túninu ætti það að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Túngarður **(136)** sem liggur í vestur neðan við Norðurgarð. Garðurinn sameinast örðrum gördum sem liggja áfram til norðurs og vestur, og er hluti af gömlu garðalagi sem liggur um vesturhluta Vestmannaeyja. Við deilsiskipulag svæðisins ber að hafa í huga að varðveita þessa garða sem heild og takmarka jarðrask við þá eins og vegagerð eða aðrar framkvæmdir.

Lokaorð

Þar sem allur austurhluti Vestmannaeyja fór undir hraun með öllum þeim minjum sem þar voru, er þessi vesturhluti Eyjanna það eina sem eftir er að hinum gömlu Vestmannaeyjum. Svæðið er sérstakt fyrir þær sakir að þar er mikið af hlöðnum görðum, sem við eigum ekki annarsstaðar. Því ber okkur að varveita þetta landslag til framtíðar. Það sem horfið er kemur ekki aftur.

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir

- Ágúst Ó. Georgsson. Fornleifaskrá, skrá um friðlýstar fornleifar, 1990. Bls. 15.
Árbók Ferðafélags Íslands árið 1948, bls. 71.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók 1913-1917. Vestmannaeyjar. Bls. 14 og 16-17.
Bjarni Einarsson. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Herjólfssdal, Vestmannaeyjum, 1999.
Bls. 1-8 og skrár. Bls. 1-9.
- Brynjólfur Jónsson, 1918. Lýsing Vestmannaeyjasóknar. Bls. 15-19, 33, 34, 35, 36-45, 51-53.
DI II Íslenskt fornbréfasafn 1253-1350, 1893. Bls. 66.
DI VII Íslenskt fornbréfasafn 1170-1505, 1903-1907. Bls. 41-43 og 179-180.
- Eggert Ólafsson. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, 1975. Bls. 154 og 155.
Fasteignaskrá ríkisins.
- Gamall uppdráttur af Ofanleitisjörðum, hjá Byggingarfulltrúanum Vestmannaeyjum.
Uppdrátturinn gæti hafa verið gerður upp 1900.
- Heimaslóð, sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ
- Herforingjaráðskort birt aftan við lýsingu Vestmannaeyjasóknar eftir Brynjólf Jónsson.
Íslendinga sögur, 1946. Bls. 28-32 205-207 og 268.
J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Bls. 21 og 22.
- Jóhann Gunnar Ólafsson. Vestmannaeyjar, Árbók Ferðafélags Íslands 1948. Bls. 13, 18 og 69-70.
- Kortagrunnur byggingarfulltrúa Vestmannaeyja, án ártals.
- Lög um húsafriðun: Þingskjal 1492, 126. löggjafarþing 225. mál: húsafriðun (heildarlög). Lög nr. 104 31. maí 2001.
- Margrét Hallsdóttir. Frjógreining tveggja jarðvegssniða á Heimaey" (48-68). Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983. Bls. 59.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. Íslands tidliga bosättning, 1989. Bls. 53-54.
Sveinbjörn Rafnsson. Byggð á Íslandi á 7. og 8. öld? 1990. Bls. 153-162.
- Þorkell Jóhannesson, 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. Bls. 25, 46, 57, 66, 70, 99, 105, 147, 148, 153 og 158-160.

Heimildarmenn við fornleifaskráningu

- Hildar Jóhann Pálsson, Hraunbúðum, Dalhrauni 3, 900 Vestmannaeyjum.
Ingibjörg Jónsdóttir, Þorlaugargerði í Vestmannaeyjum.

